

lundarfarseinkenni þau, sem kringumstæður liðinna tíma hafa skapað og rótfest í fólkinu. Í öðru lagi, siðir og hættir, sem lífskjör eða hending hafa myndað. Í þriðja lagi, þeir andlegir fjársjóðir, liðins og yfirstandandi tíma, sem bera á sér sérstakan þjóðarblæ. Við alt þetta er vanalega átt, þegar um þjóðerni er talað, svo ekki er að furða þó oft sé erlitt að átta sig á ýmsu því sem sagt er um þjóðernisviðhaldið.

En í raun og veru er nú þjóðernið nokkuð annað en allt þetta. Þjóðernið sjálft er ekki einkenni þau, sem á yfirborðinu gera einhverja þjóð að sérstakri heild í mannfélaginu. Flest þau einkenni eru þannig í eðli sínu að þau breytast mjög auðveldlega. Þjóðerni er lifandi tilfinning í brjóstum þeirra einstaklinga yfirleitt, sem þjóðin samanstendur af. Þessi tilfinning beinist til þjóðarinnar og landsins og kemur í ljós í vilja og þrá til að fórna einstaklingslífinu að meira eða minna leyti fyrir velferð þess. Ekkert annað en þetta er þjóðernistilfinning. Og þar sem þessa tilfinningu er ekki að finna þar er heldur ekkert þjóðerni að finna, aðeins ytri sérkenni, sem eðli sínu samkvæmt breytast með breyttum kringumstæðum.

Það er auðséð að þessi tilfinning getur ekki alment átt sér stað annarstaðar en þar sem þjóðin er í eðli sínu ein samfeld heild, þar sem menn finna til einhvers skyldleika á milli sín og allra hinna, sem mynda þjóðarheildina með þeim. Vitaskuld er sá skyldleiki að nokkru leyti undir sameiginlegum ytri einkennum kominn, en hann er engu síður grundvallaður á sögu þjóðarinnar og reynzlu á liðnum tímum.

Höfum vér Vestur-Íslendingar getað flutt með oss íslenzkt þjóðerni vestur um haf? Vér höfum óhjákvæmilega flutt með oss mál, lundarfarseinkenni og allmikið af háttum og siðum. En þjóðernistilfinninguna sjálfa? Já, efalaust höfum vér flutt hana líka.—En hvernig? Einsog jurtt, sem hefir verið skorið frá rótinni. Og öðru vísi hefðum vér alls ekki getað flutt hana, því íslenzk þjóðernistilfinning er bundin við Ísland og þjóðarheildina þar heima. Hér í Ameríku getur íslenzk þjóðernistilfinning í raun og veru ekki verið til eins og hún er eða ætti að vera á Íslandi, vegna þess að hér hefir hún engan jarðveg til að